

Aðalfundur ÍTF mánudaginn 13.febrúar 2023 kl 17:00

Haldinn í salarkynnum Víkings í Safamýri

Fyrir upphaf aðalfundar voru tvær afar fróðlegar kynningar. Jonny Katanchian frá Genius Sports hélt kynningu um starfsemi fyrirtækisins sem er einn af helstu samstarfsaðilum ÍTF. Jacco Swart frá European Leagues hélt kynningu um EL og kynnti jafnframt ýmsan samburð á deildum í Evrópu.

Kosning fundarstjóra og fundarritara

Að loknum kynningunum tók Orri Hlöðversson formaður ÍTF til máls, setti aðalfund og lagði til í upphafi að Kjartan Freyr Ásmundsson yrði fundarstjóri og Þórir Hákonarson yrði fundarritari og var það samþykkt samhljóða. Kjartan tók við stjórn fundarins og gengið var til dagskrár.

Kosning kjörbréfanefndar og staðfesting á lögmæti fundarins.

Kjartan lagði til að Flosi Eiríksson úr Breiðabliki og Guðjón Bjarni Hálfðánarson yrðu í kjörbréfanefnd og færu yfir innkomin kjörbréf. Var það samþykkt samhljóða og tók kjörbréfanefnd til starfa. Samþykkt var að taka fyrir skýrslu fráfarandi stjórnar á meðan kjörbréfanefnd sinni sínum störfum.

Skýrsla fráfarandi stjórnar ÍTF.

Orri Hlöðversson, formaður ÍTF, flutti skýrslu stjórnar.

“Fundarstjóri, góðir fundarmenn.

Ég býð ykkur öll velkomin til aðalfundar Íslensks Toppfótbolta árið 2023 þar sem við gerum upp liðið rekstrarár.

And switching briefly over to English.

I want to welcome our special guest at this annual meeting here today, Mr. Jacco Swart . He is the Managing Director of European Leagues, an association that represents almost 40 domestic competitions from about 35 countries across Europe. Jacco, you are very welcome here today and it's an honor to have you here with us.

But back to our native Icelandic.

Stjórn ÍTF hélt alls 11 formlega stjórnarfundir á liðnu rekstrarári. Þess utan funduðu starfsmenn með öllum félögum samtakanna í tengslum við ýmis þau verkefni sem í deiglunni hafa verið. Einn félagafundur var haldinn í janúar á þessu ári þar sem samþykktar voru nýjar samþykktir fyrir samtökin.

Segja má að undanfarið rekstrarár hafi verið tímamótaár í rekstri ÍTF. Þetta er árið sem við erum að keyra í gang þá samninga sem gerðir voru á síðasta rekstrarári að mestum hluta til. Eins og fundarmenn vita snúa þessir samningar helst að birtingar- og veðmálarétti leikja efstu deilda karla og kvenna hér á landi ásamt sýningarrétti erlendis. Undan þeim megin samningum renna síðan aðrir minni snúa t.d. að tölfærði leikja sem síðan nýtist í sjónvarpsútsendingum, á samfélagsmiðlum, við gerð Fantasy leiks og til greininga og þjálfunar – svo dæmi séu tekin.

Verkefnin hafa verið margvísleg á liðnu rekstrarári. Stærsta einstaka verkefnið var að koma á fót Bestu deildinni sem fór í loftið með miklum hveli síðasta sumar. Eins og gefur að skilja er verkefnið viðamikið og kallar á samstarf okkar við ótal aðila. Nægir þar að nefna félögin sjálf, KSÍ, sjónvarpsréttarhafa, veðmálaréttarhafa og helstu stuðningsaðila deildanna. Þá er ónefnt gerð og yfirumsjón með öllu markaðs- og kynningarefni, hönnun og gerð verðlandagrips (skjöldurinn sem vakti mikla athygli), samskipti við fjölmiðla og svo mætti lengi telja. Ljóst er að mikið mæddi á tiltölulega fámennu starfsliði samtakanna í kringum verkefnið og kann stjórn þeim miklar þakkir fyrir góða vinnu.

Að mínu mati tókst vel til við að skapa nýtt vörumerki og því til stuðnings má nefna hér að könnun sem gerð var í júní síðastliðinn sýndi að 71% aðspurðra þekkti vörumerkið (logoíð) Besta deildin.

Á sama tíma og notast var við nýtt vörumerki var tekið upp nýtt keppnisfyrirkomulag í Bestu deild karla eins og flestir vita. Féll það almennt í góðan jarðveg þótt vissulega hafi verið bent á ýmsa hnökra sem unnið verður með fyrir næsta keppnistímabil.

Nú þegar Bestu deildinni hefur verið komið á legg hefur fókusinn í starfinu fæst í auknu mæli til Lengjudeildarinnar. Nýlega var gerður samningur við hugbúnaðarfyrirtækið OZ um uppsetningu upptökubúnaðar af nýjustu og bestu gerð á öllum völlum í Lengjudeild karla og kvenna. Við það verða gæði útsendinga frá þessum leikjum á hæsta stall (level) sem aftur opnar á mikla möguleika við markaðssetningu og úrvinnslu efnis frá umræddum deildum.

Ýmis önnur verkefni voru í deiglunni á síðasta ári og verður hér tæpt á nokkrum þeirra:

ÍTF ef fékk ráðgjafa til að vinna ítarlega skýrslu um framlög ríkisins til íþróttamála. Skýrslan kortleggur fótspor íþróttanna, einkum knattspyrnunnar, í hagkerfinu og ber saman við aðrar greinar sem stuðnings njóta frá hinu opinbera. Skýrslan varpar líka ljósi á það hvernig kröfur á íþróttahreyfinguna hafa aukist á síðustu árum og hverjir möguleikar hennar eru að standa undir þeim kröfum að óbreyttu. Skýrslan er viðamikið gagn sem mun nýtast okkur og hagsmunabaráttu okkar á komandi árum, ekki bara gagnvart ríkisvaldinu heldur almenn í samfélaginu.

Fulltrúar félaga innan ÍTF fjölmenntu á fund European Leagues í Amsterdam í maí síðastliðinn. Þar fengu þeir góða innsýn inn í starfsemi samtakanna og þá hagsmunabaráttu sem þau standa í fyrir sínar aðildardeildir á evrópskum vettvangi.

Loks langar mig að koma inn á tilkomu þess sem kallað hefur verið Media hub okkar. Það er í raun tækniver sem heldur utan um allar útsendingar okkar og miðlar til viðeigandi aðila bæði á sjónvarps- og veðmálaliðinni. Media hubið vistar líka allt þetta efni sem auðvitað er í okkar eigu og þannig tryggjum við að heimild til afnota í nútíð og framtíð sé ávallt háð okkar samþykki.

Góðir fundarmenn, nú fer ég að stytta mál mitt.

En ég vil koma inn á það að íslensk knattspyrna á efra getustigi er á mikill ferð. Gæðin eru að vaxa, leikjum fjölgar, kröfurnar aukast og hagsmunirnir stækka.

Eitt meginhlutverk ÍTF er að stuðla að auknum framförum í þeim deildum sem þau starfa fyrir og auka um leið virði þeirrar vöru sem til verður. Þótt alltaf megi betur gera þá tel ég að okkur sem samtökum hafi tekist það bærilega á undanförnum misserum. En við erum rétt að byrja – því með auknum þroska samtakanna og reynslu eru möguleikarnir nánast óþrjótandi í kringum þessa blessuðu íþrótt sem er okkur öllum svo kær.

Ég vil að lokum þakka aðildarfélögum, stjórn og starfsmönnum fyrir gott samstarf á liðnu ári.

Takk fyrir mig.”

Fundarstjóri gaf orðið laust um skýrslu stjórnar.

Að lokinni skýrslu stjórnar tók Flosi Eiríksson til máls og kynnti niðurstöður kjörbréfanefndar. 46 fulltrúar eiga rétt á setu á aðalfundinum og eru 34 fulltrúar mættir, 28 í fundarsal í Safamýri og 6 eru tengdir fundinum á Teams.

Kjörbréfanefnd staðfesti eftirfarandi fulltrúa á fundinum í stafrófsröð liða:

Afturelding	Erla Eiríksdóttir og Agnar Freyr Gunnarsson
Augnablik	Eysteinn Pétur Lárusson
Breiðablik	Hekla Pálmadóttir og Flosi Eiríksson
FH	Davíð Þór Viðarsson
Fram	Daníel A Magnússon og Daði Arnarsson
Fylkir	Júlíus Ásbjörnsson og Ragnar Páll Bjarnason
Grindavík	Haukur Guðberg og Jón Júlíus Karlsson
HK	Hjörtur Þór Steindórsson
ÍBV	Daníel Geir Moritz og Óskar Snær Vignisson
KA	Sævar Pétursson
Keflavík	Böðvar Jónsson og Ragnar Aron Ragnarsson
KR	Jónas Kristinsson og Bjarni Guðjónsson
KV	Auðunn Örn Gylfason

Leiknir R	Oscar Clausen
Selfoss	Jón Steindór Sveinsson og Guðjón Bjarni Hálfðánarson
Stjarnan	Þorvaldur Örlygsson og Valdemar Einarsson
Þór	Bjarni Sigurðsson
Þór/KA	Dóra Sif Sigtryggsdóttir
Þróttur	Kristján Kristjánsson
Valur	Sigurður K Pálsson og Bragi G Bragason
Vestri	Samúel Samúelsson
Víkingur	Sverrir Geirdal og Haraldur Haraldsson

34 fulltrúar af 46 og var þar með fundurinn ákvörðunarbær í samræmi við 16.grein samþykktta ÍTF.

Endurskoðaður ársreikningur ársins 2022 og fjárhagsáætlun ársins 2023

Fundarstjóri bauð nú endurskoðanda ÍTF, Jónas Gest Jónasson, velkomin í pontu og fór hann ítarlega yfir ársreikning ársins 2022 og gerði grein fyrir tillögu að fjárhagsáætlun.

Helstu tölur úr rekstrarreikningi ÍTF fyrir árið 2022:

Sjónvarps – og streymistekjur	359.244.191
Markaðs – og auglýsingatekjur	69.600.000
Aðrar tekjur	8.971.065
Samtals rekstrartekjur	437.815.256
Vinnulaun og tengd gjöld	-31.657.387
Framlög til aðildarféлага	-297.411.271
Auglýsinga- og markaðskostn.	- 44.419.838
Framleiðslukostnaður Lengjudeild	-15.880.500
Framleiðslukostnaður Media Hub	-15.237.559
Annar rekstrarkostnaður	-32.178.680
Samtals rekstrarkostnaður	-436.785.235
Fjármunatekjur	246.006
Fjármagnsgjöld	-222.228
Gengishagnaður	4.510.853
Hagnaður ársins	5.564.652

Stjórn ÍTF leggur til að hagnaður ársins verði yfirfærður til næsta árs.

Ábendingar komu fram á fundinum um að ársreikningur mætti berast félagsmönnum fyrr sem og tillaga að fjárhagsáætlun. Jafnframt kom fram ábending um að setja mætti reikninginn upp með þeim hætti að skýrar kæmi fram hvert væri framlagið til aðildarfélaga. Endurskoðandi tók vel í þessar ábendingar og sagði að við þessu yrði orðið við uppgjör líðandi árs.

Tillaga að fjárhagsáætlun ársins 2023 gerir ráð fyrir eftirfarandi niðurstöðu:

Sjónvarps – og streymistekjur	360.000.000
Markaðs – og auglýsingatekjur	72.000.000
Aðrar tekjur	9.000.000
Samtals rekstrartekjur	441.000.000
Vinnulaun og tengd gjöld	-34.000.000
Framlög til aðildarfélaga	-300.000.000
Auglýsinga- og markaðskostn.	- 35.000.000
Framleiðslukostnaður Lengjudeild	-16.000.000
Framleiðslukostnaður Media Hub	-16.000.000
Annar rekstrarkostnaður	-35.100.000
Samtals rekstrarkostnaður	-436.100.000
Fjármunatekjur	0
Fjármagnsgjöld	0
Gengishagnaður	0
Hagnaður ársins	4.900.000

Að lokinni umræðu um ársreikning og fjárhagsáætlun bar fundarstjóri ársreikning og tillögu stjórnar um meðhöndlun á hagnaði ársins upp til samþykktar og var ársreikningur og tillaga samþykkt samhljóða.

Því næst var tillaga að fjárhagsáætlun ársins 2023 borin upp til samþykktar og var tillagan samþykkt samhljóða.

Ákvörðun félagsgjalds ÍTF

Í samþykktri fjárhagsáætlun ársins er gert ráð fyrir að hvert lið greiði kr. 100.000 í árlegt félagsgjald og er því félagsgjaldið samþykkt.

Fundarstjóri greindi frá því að engar tillögur hefðu borist og því væri næst á dagskrá að ganga til kosninga. Fundarstjóri upplýsti fundinn um að öll framboð hefðu borist á réttum tíma og í samræmi við samþykktir ÍTF. Eitt framboð var dregið til baka.

Kosning formanns ÍTF

Eitt framboð barst í kosningu formanns og var það frá Orra Hlöðverssýni og telst hann því réttkjörinn formaður ÍTF til næstu tveggja ára skv. samþykktum ÍTF

Kosning varaformanns ÍTF

Eitt framboð barst í kosningu varaformanns og var það frá Jóni Rúnari Halldórssýni og telst hann því réttkjörinn varaformaður ÍTF til næstu tveggja ára skv. samþykktum ÍTF

Kosning ritara ÍTF

Eitt framboð barst í kosningu ritara og var það frá Guðbjörgu Fanndal Torfadóttur og telst hún því réttkjörinn ritari ÍTF til næstu tveggja ára skv. samþykktum ÍTF

Fundarmenn veittu samþykki með lófaklappi fyrir þessum kosningum í embætti stjórnar.

Kosning annarra stjórnarmanna

Samkvæmt 23.grein samþykktu ÍTF ætti að kjósa nú um 1 fulltrúa í stjórn auk þeirra sem kjörnir eru í embætti stjórnar. Einn stjórnarmaður sem átti eftir eitt ár af setu í stjórn bauð sig fram í embætti ritara, Guðbjörg Fanndal Torfadóttir, og er sjálfkjörin í það embætti. Auk þess barst fundinum tilkynning rétt fyrir upphaf fundar að annar fulltrúi í stjórn, Guðni Hreinsson, bæðist undan því að sitja í stjórn vegna anna í starfi sínu. Þar með eru laus tvö sæti í stjórn til eins árs auk þess sætis sem er til tveggja ára og gert er ráð fyrir í samþykktum.

Þrjú aðilar buðu sig fram til stjórnarsetu:

Baldur Már Bragason	HK
Heimir Gunnlaugsson	Víkingur
Jónas Kristinsson	KR

Allir þessir aðilar eru sjálfkjörnir í stjórn þar sem þrjú sæti eru laus en eitt sæti er til tveggja ára og það því fundarins að leysa úr því máli. Eftir nokkur skoðanaskipti fundarmanna var samþykkt tillaga fundarstjóra þess efnis að kosið yrði á milli þessara aðila, hver fulltrúi kjósi einn sem er í framboði og sá sem fær flest atkvæði er kjörinn til tveggja ára og hinir tveir þá til eins árs.

27 atkvæði voru talin á fundinum og 6 atkvæði í gegnum Teams og tilkynnti formaður kjörbréfanefndar sem hélt utan um kosningarnar þá niðurstöðu að Heimir Gunnlaugsson, Víkingi, væri rétt kjörinn til tveggja ára í stjórn og Baldur Már og Jónas til eins árs.

Kosning endurskoðenda

Fundarstjóri lagði til að Jónas Gestur Jónasson yrði endurskoðandi ÍTF fyrir árið 2023 og var sú tillaga samþykkt samröma með lófaklappi.

Kosning tveggja skoðunarmanna reikninga

Fundarstjóri lagði til að Guðrún Inga Sívertsen og Eymundur S Eymundsson yrðu skoðunarmenn reikninga fyrir árið 2023 og var sú tillaga samþykkt samróma með lófaklappi.

Aðalfundargerð borin upp til afgreiðslu

Fundarstjóri lagði til að fundarritari gengi frá ritun fundargerðar og hún yrði send fulltrúum eins fljótt og auðið væri og var sú tillaga samþykkt.

Að lokum fékk Orri Hlöðversson, formaður ÍTF, orðið og þakkaði hann fundargestum fyrir góðan fund, óskaði þeim góðrar heimferðar og sleit fundi.